ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR 2022

Sýningarskrá

Frá útisvæði Landbúnaðarsýningarinnar á Selfossi árið 1978.

Mynd / Héraðsskjalasafn Árnesinga

Stórsýning í Laugardalshöllinni

Kæru gestir.

Það er okkur sem stöndum að sýningunni Íslenskur landbúnaður 2022 sönn ánægja að bjóða ykkur velkomin. Landbúnaðarsýningin sem haldin var í Höllinni 2018 sló öll aðsóknarmet. Þangað streymdi fólk alls staðar að af landinu sem sannar að íslenskur landbúnaður á djúpar rætur í þjóðarsálinni. Og eitt er víst að íslenskur landbúnaður nýtur enn meiri stuðnings meðal þjóðarinnar á tímum þar sem geisa plágur og stríð. Það er ekki aðeins að hér séu framleiddar landbúnaðarafurðir sem eru lausar við mengun úr jarðvegi og óhóflegar sýklavarnir heldur er það mikilsvert öryggisins vegna að hafa öflugan innlendan landbúnað.

Undirritaður er handviss um að sýningin í ár mun vekja mikla athygli og gagnast landbúnaðinum á ýmsa vegu. Landbúnaður spannar allt landið og er afar mikilvægur í samfélaginu. Sjálfur held ég að greinin muni eflast í framtíðinni því að ungt fólk sækir í fjölbreytnina. Íslenskur landbúnaður er síður en svo einhæfur og getur byggt á sínu góða orðspori sem felst í hreinum og hollum framleiðsluvörum. Þá ber að hafa í huga að stöðugt opnast nýir markaðir fyrir heilnæmar

Ólafur M. Jóhannesson, framkvæmdastjóri sýningarinnar Íslenskur landbúnaður 2022.

landbúnaðarvörur. Neytandinn er betur upplýstur um innihald og uppruna matvöru í krafti alnetsins. Sá fróðleikur styrkir íslenskan landbúnað.

Sýningin Íslenskur landbúnaður 2022 endurspeglar íslenskan landbúnað dagsins. Þar verður mikið af stórum og litlum tækjum bæði á úti- og innisvæði. Þarna verða allir helstu vélasalar landsins og þjónustufyrirtæki landbúnaðarins. Þá eru fyrirtæki sem tengjast ferðaþjónustu og húsbyggingum ýmiss konar áberandi. Rekstrarvörur verða kynntar og ekki síst framleiðsla bænda. Matvæla- og afurðafyrirtæki kynna einnig sínar fjölbreyttu og gómsætu afurðir svo fátt eitt sé nefnt.

Að lokum er við hæfi að minna á að bændur eru vörslumenn landsins. Við eigum stórt og á margan hátt ósnert land. Slík gæði fara ekki fram hjá erlendum aðilum er búa við aðkrepptar byggðir og mengun hvers kyns. Þegar horft er til landsins okkar góða þá koma upp í hugann kveðjuorð Gunnars á Hlíðarenda í Gunnarshólma:

Sá eg ei fyrr svo fagran jarðargróða,
fénaður dreifir sér um græna haga,
við bleikan akur rósin blikar rjóða.
Hér vil ég una ævi minnar daga
Alla sem guð mér sendir.

Kíktu við á glæsilega landbúnaðar-sýningu

- Matvælasýning
- Tækjasýning
- Öflug dagskrá

Glæsileg landbúnaðarsýning í Laugardalshöllinni

14. – 16. október 2022

Sýningin er opin:

Föstudag: 14. okt. 14.00-19.00

Laugardag: 15. okt. 10.00-18.00

Sunnudag: 16. okt. 10.00-17.00

Aðgangseyrir 1.500 kr. Eldri borgarar og öryrkjar 1.000 kr.
Frítt fyrir börn undir 12 ára aldri í fylgd með fullorðnum.
Miðar gilda alla dagana og líka á fyrirlestradagskrá

ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR

- 2022 -

Ellingsen

BRP-Ellingsen er umboðsaðili BRP á Íslandi. BRP er leiðandi á heimsvísu í framleiðslu og þróun léttra vélknúinna ferða- og vinnutækja. BRP samanstendur af Can-Am, Sea-Doo, Lynx, Ski-Doo, bátaframleiðendunum Alumicraft, Manitou og Telwater ásamt austurríska vélaframleiðandanum Rotax.

BRP framleiðir fjölbreyttustu vörulínu heims í sínum flokki og er í fararbroddi þróunar og nýsköpunar.

Nýtt og endurbætt BRP-Ellingsen

BRP-Ellingsen, áður ferðatækjadeild Ellingsen, er nú sjálfstætt starfandi félag innan S4S samstæðunnar. Fyrr á þessu ári skildi BRP-Ellingsen við Ellingsen á Granda og flutti starfsemi sína í nýtt og glæsilegt húsnæði við Vínlandsleið 1 í Grafarholti.

Þar er tækjaúrval BRP nú til sýnis í stórum sýningarsal og þjónustuverkstæði hefur verið stækkað fimmfalt.

Ný umgjörð gerir fyrirtækinu kleift að bjóða breiðara úrval vara- og aukahluta, ásamt því að efla starfsemi þjónustuverkstæðis með það að markmiði að auka til muna þjónustustig við BRP eigendur um land allt.

Auk þess að bæta þjónustustig á suðvesturhorninu hefur BRP-Ellingsen breitt net samstarfsaðila víðs vegar um land sem sinna þjónustu við allar gerðir BRP tækja. BVA á Egilsstöðum er sölu- og þjónustuaðili BRP tækja á Austurlandi. Cobolt þjónustar BRP tæki á Norðurlandi, ásamt Kaupfélagi Skagfirðinga og BVB á Blönduósi. Á Hellu er svo hægt að sækja þjónustu hjá Bíla- og tækjaþjónustunni.

Öflugt úrval atvinnutækja

BRP-Ellingsen hefur margra ára reynslu sem einn helsti söluaðili léttra atvinnutækja á Íslandi. BRP býður fjölbreyttasta úrval fjórhjóla, sexhjóla, vinnubíla og vélsleða af öllum framleiðendum á sínum markaði og hefur rutt veginn fyrir tækninýjungum og nýsköpun í bransanum. Áhersla og forskot BRP liggur í hönnun og framleiðslu sem tryggir framúrskarandi gæði, lægri bilanatíðni og kostnaðarminni rekstur en almennt þekkist af sambærilegum tækjum. Atvinnutækin frá BRP hafa sannað sig sem ómissandi hluti af fjölbreyttri flóru tækja í alls kyns atvinnustarfsemi á Íslandi, svo sem landbúnaði, skógrækt, vegagerð, ferðaþjónustu, innviðauppbyggingu, rekstri skíðasvæða, björgunar- og löggæslustörfum og brunavörnum, svo fátt eitt sé nefnt.

BRP-Ellingsen leggur mikla áherslu á rekstraröryggi sinna viðskiptavina, með því að viðhalda háu þjónustustigi og skilvirku aðgengi að öllum helstu íhlutum sem tryggja hnökralausan rekstur.

BRP-Ellingsen, *Vínlandsleið 1,*
113 Reykjavík. S. 415 8500.
Netfang: brp@ellingsen.is.
Vefsíða: www.brp.is

ELLINGSEN BRP

STÓR KAUP

Þarftu að þrífa?

Talaðu við okkur

Nilfisk
MC 5M-200/1050 XT
verður á tilboði á
Landbúnaðarsýningunni.

Stórkaup er á bás B-11

Skútuvogur 9 | 104 Reykjavík | 515 1500 storkaup@storkaup.is | storkaup.is

Mjólkursamsalan

Mjólkursamsalan er eitt stærsta matvælafyrirtæki landsins og annast framleiðslu, vöruþróun, markaðssetningu og dreifingu á mjólkurafurðum til viðskiptavina um land allt. Fyrirtækið hefur frá upphafi verið í eigu kúabænda og fjölskyldna þeirra um land allt og má þannig segja að Mjólkursamsalan sé stærsta fjölskyldufyrirtæki landsins. MS framleiðir vörur úr um 150 milljón lítrum af mjólk á ári sem kemur frá 520 kúabúum sem starfrækt eru víðs vegar um landið. Í dag starfa 415 manns hjá fyrirtækinu sem rekur starfsstöðvar í Reykjavík, Akureyri, Selfossi, Búðardal og Egilsstöðum.

Kýr á leið í haga, Glitstaðir í Borgarfirði.

Valskonur fagna sigri í Mjólkurbikarnum.

Íslenskir bændur hafa ávallt borið gæfu til að standa sjálfir að mjólkurvöruvinnslu og sölu í gegnum samvinnufélög sín og er Mjólkursamsalan sprottin úr þeim jarðvegi. Elsta fyrirtækið í sameinuðu félagi Mjólkursamsölunnar er Mjólkursamlag KEA, sem var stofnað 4. september 1927, sem telst vera stofndagur MS. Þannig spannar saga Mjólkursamsölunnar nú heil 95 ár. Á þeim tíma hafa orðið miklar breytingar á mjólkuriðnaði á Íslandi og sérstaklega undanfarna þrjá áratugi. Fjöldi félaga í mjólkuriðnaði hafa sameinast undir nafni Mjólkursamsölunnar og hefur MS starfað í núverandi mynd frá árinu 2007.

Mjólkursamsalan skipar mikilvægan sess í matvælaframleiðslu landsins og er eitt þeirra fyrirtækja sem skilgreint er sem þjóðhagslega mikilvægt fyrirtæki af Stjórnarráði Íslands. „Helsta hlutverk MS er að tryggja landsmönnum öllum reglulegan og öruggan aðgang að heilnæmum, ferskum og fjölbreyttum mjólkurvörum hvar sem er á landinu. Það sem ég held að færri átti sig á er að fyrirtækið er jafnframt eitt stærsta dreifingarfyrirtæki landsins þar sem við flytjum mjólk frá bændum til framleiðslustöðva og dreifum svo tilbúnum vörum til viðskiptavina og verslana um land allt," segir Margrét Gísladóttir, sérfræðingur á hagsýslu- og samskiptasviði MS.

Margrét Gísladóttir, sérfræðingur á hagsýslu- og samskiptasviði MS.

Fullnýting hráefna og framleiðsla á kaseini

Á undanförnum árum hefur Mjólkursamsalan lagt aukna áherslu á sjálfbærni, með því að draga úr kolefnisspori og hámarka nýtingu hráefna. Fyrir fimm árum var tekið risaskref í umhverfismálum tengdum matvælaframleiðslu hér á landi þegar opnuð var ný verksmiðja á Sauðárkróki, Íslenskar mysuafurðir, sem er í eigu Mjólkursamsölunnar og Kaupfélags Skagfirðinga. „Þá hófum við framleiðslu á próteindufti úr um 50 milljón lítrum af mysu árlega sem áður var ónýtt. Fljótlega mun svo hefjast þar etanólframleiðsla úr mjólkursykri og þá erum við í raun farin að fullnýta hráefnið og það eina sem verður eftir við framleiðsluna er vatn," segir Margrét.

Mjólkursamsalan er einnig að undirbúa framleiðslu á kaseini úr undanrennu á Sauðárkróki, sem mun leysa af hólmi framleiðslu á undanrennuosti og draga úr þörf fyrir framleiðslu á undanrennudufti. Kasein er notað í matvælaiðnaði, meðal annars við framleiðslu á morgunkorni og brauði, en einnig í efnaiðnaði, til að mynda í málningu, plast og glanspappír. „Með því að framleiða kasein erum við að skapa meiri verðmæti úr mjólkurpróteini sem er framleitt umfram sölu á innanlandsmarkaði og þarf því að flytja úr landi. Auk þess er minni orkukostnaður við kaseinframleiðsluna og með staðsetningu framleiðslunnar á Sauðárkróki drögum við úr kolefnisspori flutninga, þar sem annars væri undanrennan flutt á Selfoss til þurrkunar."

Samfélagsleg ábyrgð

Mjólkursamsalan hefur sterkar rætur í íslensku samfélagi og menningu og þá ekki einungis matarmenningu. „Við höfum í gegnum árin lagt mikla áherslu á samfélagslega ábyrgð og mál sem standa okkur næst snúa m.a. að hollustu mjólkurvara, umhverfisvernd, lýðheilsu og málrækt," segir Margrét.

Frá árinu 1994 hefur Mjólkursamsalan verið í samstarfi við Íslenska málnefnd og beitt sér fyrir eflingu móðurmálsins. Sýnilegasta verkefnið eru sérstök íslenskuátök sem birst hafa landsmönnum á mjólkurfernum MS í gegnum árin en frá upphafi hefur markmið verkefnisins verið að hvetja til umræðu um íslenskt mál og verðmæti þess. MS hefur vakið athygli á degi íslenskrar tungu ár hvert og enn þann dag í dag lifir Íslenskuljóðið, sem Þórarinn Eldjárn samdi sérstaklega fyrir MS og flutt var af Alexöndru Gunnarsdóttur í sérstakri sjónvarpsauglýsingu árið 1994, góðu lífi í hugum fólks. „Það er gott að finna að stuðningur Mjólkursamsölunnar við málrækt skiptir fólk máli og kveikir jafnan líflegar umræður, hvort sem það eru gátur, orðatiltæki eða örnefni sem hafa birst á mjólkurfernunum eða efni á öðrum miðlum. Í fyrra gáfum við út skemmtilegt myndband með styttu Jónasar Hallgrímssonar sem lifnaði við og gekk um höfuðborgarsvæðið og velti fyrir sér þróun og þroska tungumálsins, nýyrðum og breytingum í þjóðfélaginu frá hans tíma."

> „Við höfum í gegnum árin lagt mikla áherslu á samfélagslega ábyrgð og mál sem standa okkur næst snúa m.a. að hollustu mjólkurvara, umhverfisvernd, lýðheilsu og málrækt ..."

MS hefur einnig mikla tengingu við íþróttahreyfinguna um land allt. „Á hverju ári styður MS við málefni tengd íþróttastarfi um land allt. Fyrir fjórum árum endurnýjuðum við samstarf MS og KSÍ og Mjólkurbikarinn sneri aftur. Bikarkeppni KSÍ hafði borið yfirskriftina Mjólkurbikarinn á árum áður og var afar ánægjulegt að endurvekja það samstarf og taka aftur þátt í að krýna bikarmeistara í karla- og kvennaflokki fótboltans," segir Margrét.

Auk þessa hefur Mjólkursamsalan stutt við Slysavarnafélagið Landsbjörg um árabil í formi vörugjafa þegar sjálfboðaliðar björgunarsveita um land allt hafa sinnt tímafrekum útköllum, hálendisvöktum og fjáröflunum. „Í fyrra réðumst við svo í sérstakt átak til að kynna mikilvægi björgunarsveitanna á mjólkurfernunum okkar þar sem við hvöttum fólk til að kynna sér starfsemi þeirra og til að gerast Bakverðir."

Íslenskar mjólkurvörur á verðlaunapöllum

Íslendingar eru afar duglegir að neyta mjólkurvara og er meðalmjólkurneysla á Íslandi 60% meiri en að meðaltali í Evrópusambandslöndunum. Það er því mikilvægt að Mjólkursamsalan sé öllum stundum í takt við tíðarandann og skynji þarfir markaðarins hverju sinni. Í dag framleiðir fyrirtækið um 400 tegundir af fjölbreyttum mjólkurvörum og hefur hið mikla úrval fyrir ekki stærri markað vakið athygli víða um heim. „Þarfir fólks eru mismunandi og leggjum við áherslu á að bjóða fjölbreyttar vörur í samræmi við það. Þar má nefna sem dæmi laktósalausar mjólkurvörur og D-vítamínbættar, Næringu+, sem var sérstaklega hönnuð fyrir eldra fólk, og Hleðslu íþróttadrykk."

Vörum fyrirtækisins hefur gengið afar vel í alþjóðlegum keppnum og hafa margar hverjar hlotið fyrstu verðlaun í sínum flokkum. Sem dæmi var Kókómjólkin valin Besta mjólkurvaran í flokki neysluvara á International Food Contest árið 2012, Isey skyr með bökuðum eplum hreppti sama titil árið 2017 og nú síðast landaði osturinn Feykir 24+ úr Goðdalalínunni 8. sæti í Heimsmeistarakeppni osta fyrr á þessu ári.

Ostóber tími til að njóta osta

MS er sérstaklega stolt af því mikla úrvali osta sem fyrirtækið framleiðir og er óhætt að segja að fjölbreytileiki íslenskra osta hafi aldrei verið meiri. Ostagerð er flókið ferli og aðaláskorunin sú að búa til ost og endurtaka svo leikinn þannig að næsti verði sem líkastur að bragði þeim fyrri en það er mikil áskorun með lifandi afurð eins og ostar eru.

Dalaostar eru handgerðir mygluostar framleiddir í Búðardal, Óðalsostar eru sannkallaðir sælkeraostar framleiddir á Akureyri, frá Sauðárkróki koma skagfirsku gæðaostarnir Goðdalir og úr Ostakjallaranum koma spennandi ostar sem ýmist hafa fengið að þroskast lengur en 12 mánuði eða eru í takmörkuðu magni og er skemmst frá því að segja að þar leynist óvænt ánægja í hverjum bita.

„Frá árinu 2018 hefur MS haldið októbermánuð hátíðlegan undir yfirskriftinni Ostóber – tími til að njóta osta, en þennan mánuð notum við sérstaklega til að fagna gæðum og fjölbreytileika íslenskra osta með kynningum, uppskriftum og spennandi vörunýjungum.

Frá árinu 2018 hefur MS haldið októbermánuð hátíðlegan undir yfirskriftinni Ostóber – tími til að njóta osta.

Meðal nýjunga úr Ostakjallaranum þetta árið eru rauðkíttiosturinn Kjartan með kúmeni og Fanney með fennelfræjum og fáfnisgrasi en í báðum tilvikum er um að ræða framandi og forvitnilega osta sem bjóða upp á margslungna bragðupplifun."

Tökum vel á móti gestum á Landbúnaðarsýningunni

Starfsfólk Mjólkursamsölunnar hlakkar til að hitta eigendur sína, aðra bændur, fagfólk og áhugafólk um landbúnað á Landbúnaðarsýningunni í Laugarhaldshöll 14.–16. október næstkomandi. Sýningar sem þessi skipa mikilvægan sess í fræðslu og upplýsingagjöf til almennings um íslenskan landbúnað og framleiðslu matvæla.

Mjólkursamsalan verður með stóran sýningarbás þar sem kynntar verða íslenskar mjólkurvörur og ostar. „Það er fátt skemmtilegra en að kynna vörur fyrirtækisins á sýningum eins og þessari. Við hlökkum sannarlega til að hitta gesti sýningarinnar, spjalla og leyfa þeim að bragða á úrvali mjólkurvara. Og hver veit nema gestir fái að taka forskot á sæluna með smakki af óvæntum nýjungum," segir Margrét að lokum.

Mjólkursamsalan, *Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík. Sími 450 1100. Sjá nánar á ms.is.*

Bændasamtökin

Bændasamtök Íslands bjóða gesti Landbúnaðarsýningarinnar velkomna á bás samtakanna í Laugardalshöllinni 14.–16. október 2022.

Bændasamtök Íslands eru rótgróin samtök sem eiga rætur sínar að rekja allt aftur til ársins 1837. Alltaf hefur meginmarkmið samtakanna verið að bæta hag og kjör bænda og standa vörð um innlenda matvælaframleiðslu auk þess að vinna að framförum og hagsæld í landbúnaði. Bændasamtökin í núverandi mynd urðu til við sameiningu búgreinafélaga og Bændasamtakanna sumarið 2021 og standa bændur eftir sameinaðir í sterkari samtökum.

Víðs vegar um land starfa búnaðarsambönd sem og samtökin Beint frá býli, VOR og Félag ungra bænda og eru þau öll aðili að Bændasamtökunum. Hlutverk Bændasamtakanna er þannig orðið yfirgripsmeira en áður þó grunngildin standi enn óhögguð, að standa vörð um hagsmuni bænda og tryggja framboð innlendra matvæla. Höfuðstöðvar BÍ eru í Borgartúni 25, 4. hæð, í Reykjavík. Þá eiga og reka samtökin Nautastöðina á Hesti og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Hjá Bændasamtökunum starfa nú um þrjátíu manns, fjölbreyttur hópur með ólíka reynslu og bakgrunn. Stjórn BÍ samanstendur af sjö bændum en formaður Bændasamtakanna er Gunnar Þorgeirsson og framkvæmdastjóri er Vigdís Häsler. Þau eru talsmenn samtakanna og koma fram fyrir þeirra hönd.

Starfssemin greinist niður í fjóra meginþætti:

- Samtökin beita sér fyrir bættum kjörum bænda á öllum sviðum.
- Samtökin annast leiðbeiningaþjónustu og sinna faglegri fræðslu í þágu landbúnaðarins.
- Samtökin annast útgáfustarfsemi og miðlun upplýsinga sem varða bændur og hagsmuni þeirra.
- Samtökin annast ýmis verkefni fyrir ríkisvaldið og aðra aðila sem tengjast hagsmunum bænda og landbúnaði, veita umsögn um lagafrumvörp sem snerta landbúnaðinn og sinna öðrum verkefnum er varða hag bænda.

Hluti af starfsfólki og stjórn Bændasamtakanna. Frá vinstri: Sverrir Falur Björnsson, Guðrún Birna Brynjarsdóttir, Björn Halldórsson, Gunnar Þorgeirsson, Þuríður Lillý Sigurðardóttir, Halla Eiríksdóttir, Höskuldur Sæmundsson, Reynir Þór Jónsson og Jón Örn Ólafsson. Herdís Magna Gunnarsdóttir og Vigdís Häsler standa fyrir aftan.

Einnig gæta Bændasamtök Íslands að hagsmunum bændastéttarinnar og sameina bændur um að:

1. Móta stefnu í málefnum bænda og landbúnaðarins í heild.
2. Vera málsvari bændastéttarinnar gagnvart ríkisvaldinu og öðrum aðilum þjóðfélagsins sem stéttin hefur samskipti við.
3. Beita sér fyrir nýmælum í löggjöf og breytingum á eldri lögum er horfa til framfara og snerta bændastéttina og landbúnaðinn.
4. Fylgjast grannt með afkomu bænda og rekstrarskilyrðum landbúnaðarins og kappkosta með því að tryggja þeim lífskjör í samræmi við aðrar stéttir þjóðfélagsins.
5. Annast samningagerð af hálfu bænda, t.d. um framleiðslustjórn, verðlagningu búvara og kjör starfsfólks í landbúnaði.
6. Koma fram fyrir hönd íslenskra bænda gagnvart hliðstæðum samtökum erlendis og annast samskipti við þau eftir því sem ástæða þykir og tilefni gefast til.

Bændasamtök Íslands *Borgartúni 25,*
4. hæð - 105 Reykjavík
s. 563 0300, bondi@bondi.is
www.bondi.is

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Kolefnisbrúin

Kolefnisforði jarðarinnar er í ójafnvægi. Kolefnismagn í andrúmslofti nú á tímum er mun meira en var fyrir 100 árum. Þetta kemur til vegna brennslu á jarðefnaeldsneyti (olíu). Til að ná sams konar jafnvægi og var fyrir öld þarf annars vegar að stöðva olíunotkun úr iðrum jarðar og hins vegar að ná að binda það umfram magn sem nú er komið út í andrúmsloftið, aftur í fast form.

Bindingin kolefnis fer fram með orku sólarinnar og vatni, þ.e. ljóstillífun. Afurð ljóstillífunar er súrefni og kolefnisbinding í formi plöntuvaxtar. Tré eru stærstu lífverur á landi sem ljóstillífa. Aukin skógrækt á skóglausu landi hefur ýmiss konar annan ávinning en eingöngu kolefnisbindingu. Skógrækt er skref að sjálfbærni. Með skógrækt má einnig styðja við fæðuöryggi og matvælaframleiðslu, byggð sveita og heilnæmi þjóðar. Kolefnisbrúin vill bjarta framtíð bændur fyrir íslenska þjóð.

Framkvæmdin

Kolefnisbrúin er í eigu Landssamtaka skógarbænda og Bændasamtaka Íslands. Í samráði við bændur undirbýr Kolefnisbrúin ferlið við að kom upp skógi í þeim megintilgangi að binda kolefni sem verður vottað eftir aðferðafræði Skógarkolefnis.

Fyrst er land metið með tilliti til mögulegrar bindingar. Það þýðir að gerð yrði áætlun fyrir svæðið. Í áætluninni kemur meðal annars fram hvaða trjátegund hentar í hvaða landgerð og hversu vel þær munu vaxa. Landið yrði svo gróðursett. Nokkrum árum síðar er vöxtur ungu trjánna skoðaður og mældur. Ef allt gengur samkvæmt áætlun má votta mælingarnar og selja það kolefni sem bundið er í trjábolunum. Ein kolefniseining er skilgreind sem eitt tonn af kolefni í föstu formi. Líkt og peningur er hver útgefin kolefniseining eins og ávísun á bundið kolefni í tilteknum skógi.

Framtíðin

Skógrækt hefur sannað sig á Íslandi. Þeir vaxa jafn vel og skógar á sömu breiddargráðu hjá nágrannaþjóðum okkar. Skógarauðlindin býður fjölbreyttan ávöxt. Segja má að skógur sé forsenda sjálfbærs lands því land með skógi gefur stöðugt og meira af sér en land án hans. Hér er átt við að skógur gefur skjól fyrir aðrar lífverur; bæði í skógarbotni sem og í nágrenni við hann. Í skjóli trjáa má betur rækta.

Kolefnisbrúin á sér þá sýn að bændur framtíðarinnar rækti matvöru í skjóli skóga og búi þannig betur undir öryggi fæðu á Íslandi. Timburiðnaður mun einnig dafna og munu sveitir landsins njóta góðs af því í formi búsældarlegs landslags og fjölbreyttrar byggðar á ársgrundvelli um land allt. Nú þegar hafa Íslendingar fengið nasaþef af framtíðinni í formi viðarvinnslu, beitarskóga og annarra afurða úr skóginum.

Básinn á Landbúnaðarsýningunni

Á bás Kolefnisbrúarinnar verður fólk sem þekkir vel inn á kolefnisbindingu og þá möguleika sem eru í boði fyrir bændur. Þar verða einnig aðrar afurðir skógarins í öndvegi. Um land allt eru skógarbændur farnir að nota skóga sína og afurðir þeirra.

Á básnum með Kolefnisbrúnni verða nokkrir þeirra þar sem þeir kynna sína starfsemi.

Félag trérennismiða

Félag trérennismiða á Íslandi er 27 ára. Félagsmenn eru 240. Tilgangur félagsins er að vera vettvangur fyrir hagleiksmenn sem nýta sér rennibekkinn við sköpun sína. Efniviðurinn er hvers konar tré, oft viður sem aðrir hafa hent og ekki talið nýtilegt. Trémunir eru heimilisprýði og Íslendingar þyrftu að vera duglegri við að nota mataráhöld eins og salatskálar, súpuskálar, meðiska o.fl. Það er svo loftslagsvænt. Kaffispjallið er einn mikilvægasti þáttur félagsstarfsins. Maður er manns gaman.

Skógarafurðir ehf.

Skógarafurðir ehf. vinnur timbur eingöngu úr innlendum við. Fyrirtækið var stofnað 2014. Í dag er tækjakostur einn sá glæsilegasti á landinu enda hefur eftirspurn á íslensku timbri vaxið jafnt og þétt yfir árin. Fyrirtækið kappkostar við að útfæra alls konar sérlausnir fyrir viðskiptavini. Utanhússklæðningar, innahússpanell og parket eru orðin klassísk söluvara og gildir það um ösp, greni og lerki. Allt tilfallandi nýtilegt timbur er notað til kyndingar.

Ilmur

Ilmur hefur verið brautryðjandi í framleiðslu viðarperlna á Íslandi. Viðarperlur hafa verið notaðar um allan heim til upphitunar húsa. Viðarperlur henta vel hérlendis, sér í lagi á köldum svæðum þar sem jarðvarma nýtur ekki við og einnig þar sem rafmagnsöryggi er ógnað vegna veðurhams. Ilmur framleiðir einnig lífkol úr íslenskum við og girðingastaura. Margt er í burðarliðnum.

Köngull

Könglar er nýsköpunarverkefni sem hefur það að meginmarkmiði að nýta með sjálfbærum hætti íslenskar jurtir og skógarafurðir í gerð einstakra drykkja og lystaukandi afurða. Eitt af markmiðum verkefnisins er að þeir sem smakka Könglavörur upplifi eitthvað nýtt í íslenskri matarupplifun og það hvetji Íslendinga til að nýta náttúruna meir. Verkefnið eflir nýsköpun í matarhandverki, eykur nýtingu á íslenskum jurtum og skógarafurðum, stuðlar að sjálfbærni og eykur úrval íslenskra afurða.

Hraundís

Hraundís er fyrirtæki sem framleiðir hágæða ilmkjarnaolíur úr náttúru Íslands og þá aðallega úr barrtrjám. Framleiðslan fer fram í Borgarfirði og eru allar plönturnar handtíndar á svæðum sem hafa lífræna vottun frá Tún. Ilmolíur eru eimaðar úr plöntuhlutum, svo sem blómum, blöðum, rótum, fræjum, nálum, börk eða öll plantan notuð. 100°C heit gufa er leidd í gegnum plöntuna og við það losnar olían. Hraundís Guðmundsdóttir eigandi er ilmolíufræðingur frá Arizona og skógfræðingur frá LbhÍ.

ORB

ORB vinnur að gerð smáforrits í síma sem aðstoðar við úttekt skóga. Forritið er hugsað sem grunnur að þeirri upplýsingaöflun sem koma skal við úttektir og vottun skóga. Þannig getur skógarbóndinn sjálfur mælt skóga sína og látið votta. Forritið byggir á gervigreind sem les aðstæður í skógum, svo sem rúmmál trjáa, þéttleika og trjágerðir.

Kolefnisbrúin
Borgartúni 25,
4. hæð - 105 Reykjavík.
www. kolefnisbru.is

KOLEFNISBRÚIN

Þjónusta alla leið heim á hlað

Sýningin Íslenskur landbúnaður 2022 verður haldin í Laugardalshöll 14.–16. október

Við hlökkum til að sjá þig í bás B-16

Komdu og kynntu þér þjónustu N1 við bændur, úrval af landbúnaðarvörum og vinnufatnaði í verslunum og vefverslun, afhendingu á olíu, vildarkjör og fleira.

Við tökum vel á móti þér!

440 1000 **n1.is**

N1 ALLA LEIÐ

ENNEMM / SÍA / NM-005159

Direkta

Direkta lögfræðiþjónusta var stofnuð í byrjun árs 2016 og er í dag í eigu lögfræðinganna Ástu Sólveigar Andrésdóttur, Önnu Siggu Ellerup og Bryndísar Bachmann. Hjá þeim starfar svo Sunneva Reynisdóttir, sem léttir undir með rekstur skrifstofunnar.

Direkta lögfræðiþjónusta og ráðgjöf tók til starfa í upphafi árs 2016 og hefur frá upphafi sérhæft sig í fasteignarétti. Eigendur Direktu eru lögfræðingarnir Ásta Sólveig Andrésdóttir, Sigríður Anna Ellerup og Bryndís Bachmann.

Direkta leggur áherslu á heiðarleika, traust og þekkingu í störfum sínum. Þær stöllur hafa víðtæka reynslu af ýmsum sviðum lögfræðinnar, þó með sérstaka áherslu á eigna- og stjórnsýslurétt. Samanlögð starfsreynsla þeirra á sviði þinglýsinga og fasteignaskráningar spannar áratugi, en þær hafa starfað m.a. hjá Þjóðskrá Íslands og sýslumannsembættum og fleiri opinberum aðilum, auk þess að sinna stundakennslu í Háskóla Íslands og Endurmenntun Háskóla Íslands.

Fyrir stofnun fyrirtækisins höfðu eigendur áttað sig á að það var þörf á markaðnum fyrir sérfræðinga sem sérhæfa sig í fasteignamálum. Það var áskorun að yfirgefa öruggan faðm ríkisins og stofna eigið fyrirtæki og við blöstu alls konar áskoranir, en ferlið var þroskandi og skemmtilegt og reksturinn hefur dafnað vel.

Starfsmenn Direktu þekkja ferlana við fasteignaskráningu og tengd verkefni vel. Þetta eru oft mjög flókin mál sem fólk gefst upp á. Þá er gott að geta sótt í reynslubanka Direktu þar sem allir eigendurnir hafa sérþekkingu á þessu sviði.

Dæmi um mál sem Direkta sinnir er lögfræðileg ráðgjöf varðandi skráningu lóða og jarða, nýskráningu og samruna fasteigna, þinglýsingar, fasteignamat, brunabótamat, landamerki, landskipti, stærðarskráningu og skipulag. Einnig annast Direkta margvíslega skjalagerð sem tengist ofangreindu, sem og gerð eignaskiptayfirlýsinga.

Eitt af skemmtilegri verkefnum Direktu er að ferðast um sveitir landsins til að hitta viðskiptavini og samstarfsaðila. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á að vera í miklu sambandi við fólk á landsbyggðinni og er í viðskiptum um land allt, enda eru landamerki og skráning fasteigna síður en svo bundin við höfuðborgarsvæðið. Fyrirtækið veitir ráðgjöf vegna útskiptinga lóða úr jörðum auk aðstoðar við ýmsa skjalagerð sem því tengist.

Oft er fólk komið á þann stað með mál sín að við blasa dómsmál, sem geta verið góð og þörf út af fyrir sig, en stundum er mögulegt að komast hjá þeim. Því taka lögfræðingar Direktu oft að sér sáttamiðlun, því þetta eru persónuleg tilfinningamál sem snúast ekki eingöngu um steinsteypu og peninga, heldur það sem fólki er kært og hjartans mál, eins og húsið sem það ólst upp í eða jörðina sem það á. Einnig geta komið upp mál sem varða heiti jarða, húsa og fasteigna, og eru sömuleiðis gríðarleg tilfinningamál. Því er þessi málaflokkur hvorki þurr né kuldalegur, heldur mannlegur og tilfinningaþrunginn, og er lögð áhersla á að hjálpa fólki.

Viðskiptavinahópurinn er traustur og hefur vaxið og dafnað síðan fyrirtækið var stofnað í ársbyrjun 2016. Leiðarljós Direktu er að geta veitt vandaða, persónulega og lausnamiðaða þjónustu. Margir lenda í því að rekast á vegg og ná ekki að klára málin því formkröfur eru flóknar og stjórnsýslan þung. Því hefur Direkta frá upphafi lagt upp með að gera gagn og hjálpa þeim sem þangað leita að ljúka málum sínum.

Direkta hefur líka sérþekkingu í þinglýsingum og hefur að undanförnu veitt ráðgjöf við nýtt verkefni ríkisins um rafrænar þinglýsingar, sem er mjög spennandi verkefni og mikið framfaraskref. En meðan þinglýsingar er ekki orðnar að fullu rafrænar þurfa margir aðstoð við að útbúa skjöl til þinglýsinga, svo allt fari í réttan farveg, því margs konar formskilyrði þarf að uppfylla sem ekki allir kunna skil á áður en farið er með skjöl í þinglýsingu til sýslumanns. Direkta vinnur því vítt og breitt innan þessa sviðs, auk þess að sinna ráðgjöf vegna erfðamála, svo sem gerð erfðaskráa og uppgjör á dánarbúum.

Hjá Direkta ráða konur ríkjum og una hag sínum vel. Það var hvorki stefna né fyrirfram ákveðið að Direkta yrði kvennavinnustaður en það æxlaðist þannig í byrjun og gæti allt eins breyst í framtíðinni. Það er notalegt andrúmsloft á stofunni og alltaf góð og sérstök stemning þar sem konur eru saman. Mikið er lagt upp úr persónulegum samskiptum, mjúkum höndum farið um skjólstæðingana og hlýlega tekið á móti fólki.

Direkta tekur einnig þátt í nýsköpunarverkefninu Eignamörk þar sem fólk getur fært inn eignamörk sjálft með þægilegum hætti. Það er gaman að færa út kvíarnar og spennandi að taka þátt í samstarfi með sérfræðingum og skapandi fólki. Það er því ljóst að framtíðin er björt og mörg spennandi verkefni fram undan.

***Direkta** er í Bæjarhrauni 22 í Hafnarfirði. Sími 571 8600. Sjá nánari upplýsingar á direkta.is*

Direkta
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF

Framúrskarandi fyrirtæki 2018 2022

HITTUMST Á LANDBÚNAÐARSÝNINGUNNI
14. -16. OKTÓBER

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, Garðabæ
sími 480-0000
Gagnheiði 35, Selfossi
sími 480-0400
www.aflvelar.is

BÚVÉLAR
Gagnheiði 35, Selfossi
sími 480-0400
www.buvelar.is

Húsasmiðjan

Húsasmiðjan hefur undanfarin ár boðið fullbúin og vönduð heilsárshús sem henta vel sem sumarhús eða gistiaðstaða fyrir bændagistingu. Húsin er fáanleg í nokkrum stærðum og koma fullfrágengin og tilbúin til notkunar. Stærð húsanna er frá 25 og upp í 52 fermetra. Húsin koma alveg tilbúin með innréttingum, gólfefnum, blöndunartækjum, ljósum og fleira.

Sveinn Enok Jóhannsson, vörustjóri hjá Húsasmiðjunni, segir húsin, sem fáist í mismunandi stærðum, koma fullkláruð með gólfefnum, blöndunartækjum, hurðum, eldhúsinnréttingu og baðinnréttingu en án húsgagna.

Húsin uppfylla að sjálfsögðu kröfur íslenskrar byggingarreglugerðar og í raun þarf kaupandinn bara að koma húsinu fyrir á sínum stað og festa það niður.

Húsin eru timburhús á sterkbyggðri stálgrind sem auðveldar flutning til muna. Þau koma í ákveðinni grunnútfærslu, með eldhúsinnréttingu, ísskáp, vaski og blöndunartækjum.

Baðherbergi koma með lítilli innréttingu með vaski og blöndunartækjum, sturtuklefi er á baðherbergjum en hægt að uppfæra í innbyggða sturtu. Auk þess sem það fylgir sólpallur öllum húsunum og hægt er að velja um nokkra liti á húsin að utan.

> „Kosturinn við húsin okkar er að þau koma fullbyggð og vinna við að koma þeim fyrir er lítil og framkvæmdatíminn því mjög stuttur ...“

Að sögn Sveins er þegar komin mikil reynsla á húsin en þau hafa verið í boði hér á landi í nokkur ár. Húsið á Landbúnaðarsýningunni er 52 fermetrar að stærð, auk þess sem hægt er að skoða hús á plani Húsasmiðjunnar í Skútuvogi.

„Húsin eru einnig til í því sem við köllum útleigueiningum sem henta vel fyrir ferðaþjónustuna og ekki síst sem hús fyrir bændagistingu. Þau hús geta verið 40 fermetrar og skiptast í tvær stúdíóíbúðir. Hin útfærslan er 52 fermetrar og er þá með þremur íbúðum. Einingarnar í báðum útfærslum eru með séreldhúsi og baðherbergi.“

Húsin eru framleidd í Litháen og koma fullbúin til landsins. „Þau njóta mikilla vinsælda í Svíþjóð og Finnlandi þar sem kröfur um gæði eru engu minni en hér á landi.“ Allt pöntunarferli húsanna er mjög einfalt en afgreiðslutími í dag hefur lengst vegna mikillar eftirspurnar hjá okkar viðskiptavinum. Eins og staðan er núna er afgreiðslufrestur húsa frá því pöntun er gerð allt að 20 til 30 vikur.“

Sveinn segir að mælt sé með að húsin fari ofan á steypta dregara sem kaupendur þurfi að setja upp.

„Kosturinn við húsin okkar er að þau koma fullbyggð og vinna við að koma þeim fyrir er lítil og framkvæmdatíminn því mjög stuttur þar sem miðað er við að það taki tvo menn tvo daga að gera húsin klár á þeim stað sem þau eiga að standa.“

***Húsasmiðjan**, Skútuvogi 16, 104 Reykjavík. Sími 525 3000*
Nánari upplýsingar um húsin er að finna á www.husa.is

HÚSASMIÐJAN

Baðherbergi.

Uppfærð eldhúsinnrétting.

Tvö 40 fermetra hús á Hvammstanga sem voru sett saman í eitt parhús. Eyri Seaside houses, 530 Hvammstangi. Myndir / Húsasmiðjan

Fjörutíu fermetra leikfangageymsla fyrir fjórhjólið og annan útivistarbúnað.

Hús frá Húsasmiðjunni við Meðalfellsvatn.

Hús, eins og það sem er á sýningunni Íslenskur landbúnaður.

Húsi lyft á steypta dregara.

Hús flutt til uppsetningar.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) býður bændum og öðrum upp á fjölbreytta ráðgjöf og þjónustu. RML var stofnað 2013 og hefur frá fyrsta degi sinnt víðtækri landbúnaðarráðgjöf um land allt. Ráðgjöf okkar er sniðin að þörfum landbúnaðarins hverju sinni og við kappkostum að koma til móts við þarfir þeirra sem leita til okkar.

Mikilvægt er að hafa góða yfirsýn og markmið um hvert skuli stefna í búrekstrinum hvort sem búin eru stór eða smá. Það auðveldar allan daglegan rekstur, möguleg ættliðaskipti og sölu.

RML er leiðandi í ráðgjöf og miðlun í þekkingu í landbúnaði. Við höfum í okkar röðum fjölbreyttan hóp starfsmanna með mikla þekkingu á starfsumhverfi bænda og landbúnaðar.

Starfsemi okkar nær til landsins alls og starfsstöðvarnar eru 12 talsins. Það er í samræmi við eitt af grunngildum RML, sem er að allir bændur eigi kost á faglegri og óháðri ráðgjöf án tillits til búsetu. Helsta markmið ráðgjafarinnar er að stuðla að virðisauka og bættum búrekstri, bændum og samfélaginu öllu til heilla.

> „RML veitir margvíslegan stuðning við hina ýmsu þætti búrekstrarins svo bændur geti fengið sem mest út úr starfsemi sinni ...“

Jarðrækt og fóðuröflun

Ráðgjöf RML byggir á viðamikilli þekkingu og gagnadrifnum greiningum. Við aðstoðum bændur t.a.m. við að finna rétta áburðinn, bjóðum upp á hey- og jarðvegssýnatöku auk þess að ráðleggja við hvers kyns jarðvinnslu

Meðal annarra verkefna á þessu sviði má nefna:

- skipulag endurræktunar
- jarðvinnslu, val á tækjum og jarðvinnslutækni
- áburðargjöf og áburðaráætlun
- val á tegundum og yrkjum til notkunar í kornrækt, túnrækt, grænfóðurrækt eða orkujurtaræktun
- aðstoð við skráningu í jörð.is
- greiningu á fóðuröflunarkostnaði garðyrkju

Sjálfbærni og grænar áherslur

Loftslagsbreytingar eru eitt stærsta úrlausnarefni samtímans og þar leikur landbúnaðurinn lykilhlutverk. RML veitir ýmiss konar leiðsögn um landnýtingu, meðal annars varðandi nýtingu á landi til beitar eða val á landi til mismunandi ræktunar. Ráðgjöf í landnýtingu getur einnig falist í að skilgreina nýtingarmöguleika heilla bújarða. Þá aðstoðar RML og veitir ráðgjöf um endurheimt vistkerfa.

Meðal loftslagsverkefna sem RML er aðili að er Loftslagsvænn landbúnaður sem er samstarfsverkefni stjórnvalda, RML, Skógræktarinnar og Landgræðslunnar í samstarfi við tugi bænda um land allt.

RML leiðir verkefnið Landbúnaður og náttúruvernd í samstarfi við bændur og stjórnvöld. Markmið og tilgangur þess verkefnis er að kanna möguleika á samþættingu landbúnaðar og náttúruverndar.

Bútækni, rekstur og framkvæmdir

RML veitir margvíslegan stuðning við hina ýmsu þætti búrekstrarins svo bændur geti fengið sem mest út úr starfsemi sinni. Aðkoma RML getur verið margvísleg, allt eftir óskum viðskiptavinarins. Lagt er mat á núverandi stöðu og og veitt leiðsögn við hvers kyns stórar ákvarðanir allt frá framkvæmdum og hönnun nýrra bygginga til rekstrar- og nýsköpunarráðgjafar. Auk þess veitum við heildstæða eftirfylgni með verkefnum sem koma á okkar borð.

Meðal verkefna geta verið:

- Rekstrargreining og kostnaðaráætlun
- Kostnaðarmat og styrkumsókn
- Verkáætlun og tilboðsgerð
- Samið við söluaðila og verktaka
- Eftirfylgni með framkvæmdum
- Úttekt á framkvæmdum

Hjá okkur færðu heildstæða og þverfaglega aðstoð fyrir þann búskap sem þú stundar.

Frá árinu 2016 hefur starfsfólk RML unnið að verkefnum tengdum afkomu bænda, fyrst í sauðfjárrækt en nú einnig í mjólkurframleiðslu og nautakjötseldi og sambærilegt verkefni í garðyrkju er að hefjast.

RML veitir ýmiss konar leiðsögn um landnýtingu, meðal annars varðandi nýtingu á landi til beitar eða val á landi til mismunandi ræktunar.

Ráðunautar RML hafa mikla reynslu í að leiðbeina nýliðum við kaup á jörð og að hefja búskap.

Verkefnin byggja á bókhaldsgögnum bænda og gefa því góða mynd af stöðu einstakra búa en einnig verður til rekstrargrunnur sem nýtist við afkomuvöktun og hagsmunagæslu fyrir viðkomandi búgrein. Verkefnin hafa margsannað gildi sitt varðandi upplýsingagjöf vegna stöðu einstakra greina en ekki síður til þess að bæta rekstrarvitund bænda. Verkefnin hafa verið rekin af RML með styrk frá þróunarsjóðum viðkomandi greina fyrir utan sauðfjárræktina en á síðasta ári var gert samkomulag um rekstur verkefnisins til þriggja ára við matvælaráðueytið. Sífellt er leitað eftir því að fá fleirri bændur til þess að taka þátt. Áhugasamir bændur eru hvattir til þátttöku og hægt er að hafa samband við RML eða skrá sig á rml@rml.is

Ættliðaskipti – nýliðun

Ráðunautar RML hafa mikla reynslu í að leiðbeina nýliðum við kaup á jörð og að hefja búskap. Einnig vegna ættliðaskipta. Á vef RML, www.rml.is, má sjá góðar leiðbeiningar varðandi það að hefja búskap og þau fyrstu skref sem þarf að stíga. Ráðgjöfina má finna undir heitinu *Búseta í sveit.*

Þjónusta sem er í boði í tengslum við nýliðun/ættliðaskipti:

- Rekstrar- og viðskiptaáætlun
- Samningagerð
- Aðstoð við umóknir

Það borgar sig að spá í spilin

Starfsmenn RML sérhæfa sig í öllu sem snýr að fóðrun, hirðingu, skýrsluhaldi fyrir kynbótastarf búgreinanna, kynbótastarfi og aðbúnaði búfjár. RML hefur umsjón með kynbótastarfi búgreinanna og þróun og þjónustu við skýrsluhaldsforrit. Hluti ræktunarstarfsins felst í því að dæma búfé.

Við sjáum um

- kúaskoðanir
- lambadóma
- hrossadóma.

Helstu forrit sem RML vinnur með og aðstoðar bændur í eru:

- Dk búbót – bókhald
- Fjárvís – skýrsluhald í sauðfjárrækt
- Huppa – skýrsluhald í nautgriparækt
- Heiðrún – skýrsluhald í geitfjárrækt
- WorldFengur – skýrsluhald í hrossarækt
- Jörð – landupplýsingar og skýrsluhald í jarðrækt

Af hverju að leita ráða hjá RML?

- Þegar taka þarf stórar ákvarðanir í búrekstrinum.
- Ef það eru tækifæri til að auka og bæta gæði afurða.
- Ef bæta má fóðrun og heilsufar búfjár.
- Þegar skoða á möguleika á ræktun og landnýtingu.
- Áttu jarðnæði og vilt fá hugmyndir varðandi nýtingu?
- Langar þig að hefja búskap eða breyta um búskaparform ?
- Viltu bæta reksturinn eða byggja nýtt?
- RML veitir opinberum aðilum ráðgjöf varðandi landnýtingu, loftslagsmál og fleira tengt landbúnaði.

Komið og heilsið upp á okkur í bás B 14 á landbúnaðarsýningunni og fræðist um starfsemi RML.

Hlökkum til að sjá ykkur!

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
sími 516 5000, rml@rml.is, www.rml.is

Verkefni RML tengd afkomu bænda hafa margsannað gildi sitt varðandi upplýsingagjöf vegna stöðu einstakra greina en ekki síður til þess að bæta rekstrarvitund bænda.

VÉLFANG – VERKIN TALA

Framúrskarandi fyrirtæki 2015 2019

Vélfang ehf. selur og þjónustar jafnt nýjar sem notaðar vélar og tæki fyrir landbúnað, verktaka, golfvelli og sveitarfélög ásamt varahluta- og viðgerðarþjónustu.

FENDT

Fer fremstur

CLAAS

Fjölskyldufyrirtæki í fararbroddi

VERIÐ VELKOMIN TIL OKKAR Í BÁS B-6.

KUHN

Leiðandi afl í 190 ár

Kverneland

Framtíðarsýn í landbúnaði

Framúrskarandi þjónusta við viðskiptavini

Schäffer

Styrkur - afköst- skilvirkni

JCB

Nýsköpun - metnaður - framsækni

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

Matís

Mikil eftirspurn er eftir próteini á heimsvísu og fer hún stöðugt vaxandi. Það er því mikil þörf á að finna og nýta nýja próteingjafa. Einn mögulegur nýr próteingjafi er gras. Erlendis, sérstaklega í Danmörku, hafa verið framkvæmdar rannsóknir á sviði próteinvinnslu úr grasi með góðum árangri.

Markmið verkefnisins „Er grasið grænna hinum megin?“, sem hlaut nýverið styrk frá Matvælasjóði, er að hefja rannsóknir á þessu sviði á Íslandi og framkvæma grunnvinnu sem síðan er hægt að byggja á. Það er ekki hægt að yfirfæra niðurstöður frá Danmörku beint yfir á íslenskar aðstæður og því mikilvægt að framkvæma rannsóknir á þessu sviði hér.

Prótein unnið úr grasi er hægt að nýta bæði sem fóður og fæði. Einnig hafa rannsóknir sýnt að hrat frá próteinvinnslu er nýtanlegt sem fóður. Í verkefninu verður sýnum af grasi safnað úr tilraunaræktun mismunandi yrkja og aflað þekkingar á próteininnihaldi og eiginleikum einangraðs próteins. Á Íslandi er til mikið af óræktuðu landi sem hægt væri að nýta í grasræktun til próteinvinnslu og auk þess hefur það jákvæð umhverfisáhrif að framleiða prótein hér á landi í stað þess að flytja það inn.

Margrét Geirsdóttir, verkefnastjóri hjá Matís, leiðir verkefnið, en það er unnið í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og Bændasamtök Íslands. Verkefnið er til eins árs og lýkur haustið 2023.

Gæði og geymsluþol íslensks grænmetis

Verkefnið Virðiskeðja grænmetis hófst hjá Matís árið 2021 með styrk frá Matvælasjóði. Verkefnið tók fyrir gæði og geymsluþol íslensks grænmetis, ásamt því að kanna ný tækifæri, til að mynda við nýtingu á hliðarafurðum.

Verkefninu var stýrt af Ólafi Reykdal hjá Matís og lauk fyrir skemmstu. Niðurstöður hafa verið gefnar út í fjórum skýrslum sem hægt er að nálgast á vefsíðu Matís.

Markmið verkefnisins var að bæta gæði, geymsluþol og minnka sóun í virðiskeðju íslensks grænmetis í þeim tilgangi að efla grænmetisgeirann á Íslandi með nýrri þekkingu og auka gæði framleiðslunnar.

Meginviðfangsefni verkefnisins voru geymsluþolsrannsóknir, athuganir á leiðum til að skapa verðmæti úr hliðarafurðum, og greining á leiðum til að draga úr rýrnun í virðiskeðjunni. Verkefnið gekk vonum framar og nú liggja fyrir nýjar hagnýtar upplýsingar sem nálgast má á vefsíðu Matís.

Verkefnið hefur skilað aukinni þekkingu sem mun nýtast hagaðilum áfram. Auk þess hefur það leitt af sér tvö ný verkefni sem hafa hlotið styrk úr Matvælasjóði. Annars vegar verkefni um áskoranir við pökkun grænmetis og hins vegar verkefni sem fjallar um verðmæti úr hliðarafurðum garðyrkju.

Verkefnið Virðiskeðja grænmetis var unnið í samstarfi við Sölufélag garðyrkjumanna, deild garðyrkjubænda í Bændasamtökunum, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, verslanakeðjuna Samkaup og fjölmarga garðyrkjubændur.

Hér má sjá Ólaf Reykdal og Evu Margréti Jónudóttur frá Matís kynna niðurstöður verkefnis um Virðiskeðju grænmetis á Nýsköpunarvikunni 2022.

Verkefni innan Matís hafa leitt af sér enn fleiri verkefni, t.d. um áskoranir við pökkun grænmetis og hins vegar verkefni sem fjallar um verðmæti úr hliðarafurðum garðyrkju.

*Starfsstöðvar **Matís** eru á fimm stöðum hringinn í kringum landið. Aðalsímanúmerið er 422 5000. Netfang: matis@matis.is. Vefsíða: matis.is*

FÓÐURBLANDAN
Gæði fyrir dýrin og þig!
www.fodur.is
Hlökkum til að sjá ykkur á svæði Fóðurblöndunnar
B-18
www.fodur.is
fodur@fodur.is
FB Reykjavík
Korngarðar 12
570 9800
FB Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840
FB Hvolsvöllur
Duftþaksbraut 1
570 9850
SENDUM UM ALLT LAND

Sjáumst í Laugardalshöll!

VIÐ VERÐUM Á ÍSLENSKUM LANDBÚNAÐI

Framtíðin í matvælaöryggi

Matvælavottuð framtíð efnavöru

Ekkert míkróplast!

Fjölmörg efni uppfylla H1 matvælavottunarstaðalinn, en uppistaðan í þeim flestum er míkróplast. Mikil vitundarvakning hefur átt sér stað undanfarin ár um mikilvægi þess að losna við míkróplast út allri framleiðslu, og þá sérstaklega matvælaframleiðslu.

Ekkert míkróplast er í matvælavottuðu efnunum frá Eurol Specialty, þökk sé nýrri tækni sem kallast SYNGIS.

Við hlökkum til að sýna ykkur þetta og fleira í Laugardalshöll!

AB varahlutir - ab.is - 567 6020

Hesja ehf. verður að sjálfsögðu í Laugardalshöllinni.

Við kynnum allt það nýjasta í fjórhjólum og vinnubílum frá Segway og hefjum forsölu á Krone heyvinnuvélum fyrir 2023.

Hesja ehf. - hesja.is - 546 0415

Landvélar

Landvélar ehf. var stofnað árið 1965 sem þjónustufyrirtæki fyrir landbúnað en í áranna rás hefur þungamiðjan færst yfir í þjónustu við íslenskan iðnað og athafnalíf í sinni víðustu mynd. Flest sjávarútvegs- og framleiðsluiðnfyrirtæki landsins eru meðal viðskiptavina Landvéla, öll stóriðjan, orkufyrirtækin, vélsmiðjur, verktakar, bændur, matvælavinnslan og nýsköpunarfyrirtæki.

„Við komum ferskir til leiks eftir vel heppnaða sjávarútvegssýningu nú í september. Við ætlum að leggja áherslu á dælur og dælulausnir en við höfum markvisst verið að styrkja okkur á þessum markaði," segir Ingvar Bjarnason, framkvæmdastjóri Landvéla, en þeir munu kynna vörur sínar í bás B 14. „Við verðum með sýnishorn af helstu dælum, m.a. borholu- og þrýstiaukadælur ásamt þrepa-, eldsneytis- og efnadælum ásamt fylgihlutum, rennslismælum o.fl. Þá kynnum við einnig háþrýstidælur og fylgihluti frá okkar helstu birgjum. Sýnum jafnframt ýmsar stærðir og gerðir af slönguhjólum ásamt börkum, slöngum og tengjum fyrir landbúnað og matvælavinnslu. Þá stefnum við á að hafa góð tilboð á einstaka vörum, m.a. rafsuðuvélum frá Jasic og fleira."

Fjölbreytt þjónusta – áratuga reynsla

- **Slöngusmíði – sérsmíði og samsetning**

Sú starfsemi Landvéla sem er flestum kunn er smíði, pressun og samsetning á háþrýstislöngum, börkum og rörum. Að baki er áratuga reynsla þar sem skjót þjónusta samhliða breiðu vöruúrvali er í forgrunni.

- **Barkar og slöngur fyrir iðnaðinn**

Gríðarlegt úrval af iðnaðarbörkum og slöngum ásamt helstu tengjum, hraðtengjum og festingum. Sog- og þrýstibarkar, haugsugubarkar, matvæla-, efna- og eldsneytisbarkar og slöngur, pústbarkar, mjólkurbarkar og nú aukið úrval af börkum fyrir fiskeldi.

- **Fagleg tækniþjónusta og ráðgjöf**

Hönnum, teiknum og smíðum háþrýst vökvakerfi, vökvadælustöðvar og lokastýringar. Hvert verkefni er áskorun og í samstarfi við leiðandi framleiðendur höfum við byggt upp mikla reynslu og þekkingu á flæðidrifnum há- og lágþrýstum drif- og stjórnbúnaði.

- **Traustir samstarfsaðilar**

Að baki góðri þjónustu er góð vara og þekking. Samstarfsaðilar Landvéla skipta hundruðum og eru margir þeirra leiðandi á sínu sviði. Fremst meðal jafningja eru Bosch Rexroth, Parker, SKF, Dunlop Hiflex, Merlett, Hansa Flex, Kemppi, Elga og ABUS.

- **Sérfræðingar í legum og drifbúnaði**

Landvélar er viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili fyrir SKF drifbúnað, legur, þéttingar og smurkerfi. Áhersla SKF er á fyrirbyggjandi viðhald og ástandsgreiningu drifbúnaðar, slit- og titringsmælingar, afréttingu reimskífa, sjálfvirk smurkerfi frá Lincon o.fl. Jafnframt veitum við ráðgjöf við val á réttum verkfærum til að meðhöndla legur og annan drifbúnað.

Rafsuðuvélar frá Kemppi og Jasic.

Slönguhjól og kefli frá RAASM.

- **Öflug þjónusta við vélsmiðjur og verkstæði**

Sem umboðsaðilar Kemppi og Elga veitum við ráðgjöf og þjónustu við val á rafsuðuvélum og rafsuðuvír ásamt viðeigandi öryggis- og hreinsibúnaði. Bjóðum einnig breitt úrval sérverkfæra fyrir málmiðnað og vélsmiðjur, verkfæri eins og rennibekki, klippur, sagir, lokka og slípi- og borvélar, auk vandaðra handverkfæra frá Kamasa.

- **Dælur í öll verk**

Í seinni tíð höfum við markvisst byggt upp sölu og þekkingu á vatns-, loft- og efnadælum í öllum stærðum og gerðum og bjóðum í dag heildarlausnir fyrir iðnað, sjávarútveg, verktaka, heimili og sumarhús. Til viðbótar erum við með öflugar háþrýstidælur og tilheyrandi fylgihluti, þvottabyssur og lagnaefni.

- **Sérhæft verkstæði**

Okkar sterkasta bakland er öflugt og vel tækjum búið þjónustuverkstæði, sérhæft í viðhaldi á vökvadælum og mótorum, vökvadælustöðvum, gírum og stjórnlokum. Þá sérsmíðum við og beygjum háþrýst rör og lagnaefni.

- **Þjónusta um land allt**

Landvélar hafa ávallt lagt mikla áherslu á öflugt samstarf við vélaverkstæði og aðra þjónustuaðila á landsbyggðinni. Saman höfum við byggt upp öflugt net þjónustuaðila með tilheyrandi sérverkfærum og aðföngum til slöngu- og barkasmíði.

- **Sterkir fyrir norðan**

Dótturfyrirtæki Landvéla á Akureyri er Straumrás hf. Samhliða þekkingu og reynslu er Straumrás rótgróið fyrirtæki sem þekkir sinn heimamarkað og er traustur þjónustuaðili fyrir öfluga útgerð og iðnað norðan heiða. Straumrás er til húsa að Furuvöllum 3, sími 461 2288.

Landvélar ehf.
Smiðjuvegi 66,
200 Kópavogi.
Sími 580 5800. Netfang:
landvelar@landvelar.is.
Sjá nánar á landvelar.is

Mikið úrval af dælum.

LANDVÉLAR

Mikilvægi menntunar og rannsókna í landbúnaði - Hvar liggja tækifærin?

BRÖNDÓTT KÝR Á HVANNEYRARBÚINU KÍKIR HÉR YFIR BÁSINN.

MÆLINGAR HAFNAR Á LOSUN METANS FRÁ NAUTGRIPUM

Metanllosun íslenskra búfjártegunda hefur verið áætluð í losunarbókhaldi Íslands til Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins. Út frá þeim útreikningum er talið að meðal íslensk mjólkurkýr losi um 94 kg af metangasi á ári sem gerir 2,4 tonn í CO_2 ígildum. Þessar áætlanir byggja á stöðluðum aðferðum IPCC og taka ekki tillit til sérstakra landfræðilegra aðstæðna (ANR, 2020). Því er um að ræða almenna staðla sem gefa ekki nákvæma mynd af losun íslenskra nautgripa.

Landbúnaðarháskóli Íslands og umhverfis- og auðlindaráðuneytið gerðu með sér samning sem tryggðu kaup og uppsetning á Greenfeed metanmælingarbúnaði sem mælir metanlosun frá búfé. GreenFeed búnaðurinn samanstendur af fóðurtrogi, staðsetningarskynjurum, kjarnfóðurskammtara, loftdælubúnaði og gasmælum. Kjarnfóður er notað til að lokka gripi í fóðurtrogið og á meðan þeir éta fóðrið er loft frá fóðurtroginu dregið að gasmælunum. Á þann hátt er hægt að mæla metan og koltvísýring frá andardrætti kúnna. Tækið skynjar staðsetningu gripsins í troginu sem eykur nákvæmni mælingana. Hver mæling tekur stuttan tíma (3-7 mín) en þær eru framkvæmdar nokkrum sinnum á dag yfir nokkurra vikna tímabil. Tækið er færanlegt og hægt að nota það við ýmsar aðstæður. Markmið rannsóknarinnar er að fá beinar mælingar yfir losun metans og koltvísýrings frá iðragerjun íslenskra nautgripa. Gert er ráð fyrir að tilraunin fari einnig fram á tveim öðrum búum.

HVAÐ LOSAR JARÐVEGUR MIKIÐ KOLEFNI?

Mikilvægt er að auka þekkingu á losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun og bindingu kolefnis úr andrúmslofti á Íslandi svo hægt sé að bæta þau gögn sem liggja til grundvallar losunarbókhaldi Íslands, sem skilað er inn til Evrópusambandsins og Loftlagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Óvissa hefur ríkt um losunartölur frá landnotkun á alþjóðavísu, en með auknum rannsóknum má bæta þessar tölur og ná fram nákvæmari gögnum fyrir losunarstuðla.

Efling rannsókna í loftslagsmálum og landbúnaði mun veita okkur betri skilning á raunverulegri losun gróðurhúsalofttegunda vegna landnýtingar og búfjárhalds á Íslandi og stuðla að því að landbúnaðurinn leiki lykilhlutverk þegar kemur að skulbindingum Íslands um að landið verði kolefnishlutlaust árið 2040. Landbúnaðarháskólinn hlaut styrk til kaupa á sérhæfðum færanlegum gasgreini til mælinga á metani.

FERÐA GASGREINIR SEM ER EINN SÁ NÁKVÆMASTI Á MARKAÐNUM.

Tækið, sem heitir LI-7810 CH_4/ CO_2/ H_2O Trace Gas Analyzer, mun nýtast vel við ýmsar langtímarannsóknir sem nú þegar eru í gangi við skólann, eins og áhrif hlýnunar jarðvegs á hálendi Íslands sem og í votlendisrannsóknum. Tækið gerir rannsakendum kleift að framkvæma fullkomnari kolefnisflæðismælingar víðs vegar um Ísland, meðal annars langtímaáhrif hlýnunar á mismunandi tegundir óraskaða vistkerfa.

FÆÐUÖRYGGI

Á árunum 2020-2022 hefur LbhÍ unnið tvö verkefni fyrir stjórnvöld varðandi fæðuöryggi Íslendinga. Fyrst skýrslu um stöðu fæðuöryggis á Íslandi sem birt var í febrúar 2021. Þar var gerð grein fyrir stöðu helstu þátta fæðuöryggis á Íslandi, með áherslu á að greina stöðu og þróun í sjálfsaflahlutfalli landsins í helstu fæðuflokkum. Í skýrslunni kemur m.a. fram að hlutdeild innlendrar framleiðslu af markaði hefur minnkað frá árinu 2009, bæði fyrir plöntu- og dýraafurðir. Innlend framleiðsla á grænmeti var um 56% af markaðnum árið 2009 en um 43% árið 2019. Innlent kjöt var um 98% árið 2009 en var komið niður í 90% árið 2019, en 96% af eggjum og 99% af mjólkurvörum er framleitt innanlands.

Í kjölfar þessarar skýrslu var skólanum svo falið að vinna tillögu að fæðuöryggisstefnu fyrir Ísland. Tillögunum var skilað til matvælaráðuneytisins í maí 2022. Framsetning tillagnanna gerir ráð fyrir að sjálf fæðuöryggistefnan verði mótuð með formlegri hætti samhliða stefnumótun stjórnvalda á sviði matvælaframleiðslu sem nú stendur yfir í matvælaráðuneyti og í forsætisráðuneyti vegna neyðarbirgða.

GETUR KORNRÆKT ORÐIÐ AÐ ATVINNUGREIN?

Stafshópur á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands vinnur nú að aðgerðaráætlun til eflingar kornræktar fyrir Matvælaráðuneytið. Verkefnið er umfangsmikið en það má segja að höfuðáhersla þess sé fýsileikagreining um stofnun kornsamlags á Íslandi að erlendri fyrirmynd.

Stofnun slíks samlags hefði að markmiði að auka viðskipti með korn og tryggja bændum kaupendur af því korni sem þeir framleiða. Þá er einnig lögð mikil áhersla á eflingu plöntukynbóta í verkefninu, en gríðarlegar framfarir eiga sér nú stað í þeim efnum erlendis með tilkomu erfðamengjaúrvals og hátæknivæddra plöntukynbótamiðstöðva sem kynbótafræðingar telja að geta margfaldað erfðaframfarir í plöntum, bæði í tíma og nákvæmni.

F:V: HELGI EYLEIFUR ÞORVALDSSON BRAUTARSTJÓRI BÚFRÆÐI, HRANNAR SMÁRI HILMARSSON TILRAUNASTJÓRI OG EGILL GAUTASON AÐJÚNKT KYNNA SÉR AÐSTÆÐUR ÞAR Í NOREGI.

Starfshópurinn mun jafnframt hafa það að markmiði að skilgreina lágmarksbirgðir kornvöru í landinu, aðlaga stuðnings- og tryggingakerfi jarðræktar að því sem þekkist erlendis, og móta frumtillögur um eflingu bútækni og skjólbeltaræktunar og varna gegn ágangi fugla. Verkefnaskil eru áætluð 1. mars.

TILRAUNIR SUMARSINS UPPSKORNAR

Sérfræðingar jarðræktarmiðstöðvar hófu að þreskja föstudaginn 24. september. Tekin var byggyrkjatilraun sem staðsett er á melnum á Hvanneyri. Það er gott að taka fyrstu tilraun haustsins heima á Hvanneyri, því það er alltaf eitthvað sem fer úrskeiðis eða eitthvað sem þarf að rifja upp með vélarnar. Sem var aldeilis raunin á föstudaginn. Heilt yfir gekk ágætlega, tók lengri tíma en við áætluðum en allt gekk vel á endanum.

ÞRESKT Á MELNUM Á HVANNEYRI

Kornið leit heilt yfir vel út, en yrkin voru vissulega misþroskuð við skurð en það gefur okkur líka niðurstöður yfir hvaða yrki eru fljótþroska.

Með yrkjatilraunirnar okkar tökum við heildaruppskeru úr hverjum reit, tökum sýni sem við þurrkum og tökum þurrefnishlutfall og svo mælum við rúmþyngd og þúsundkornavigt. Að auki tökum við ýmsar mælingar á reitunum, svosem legu, brot, hæð, NDVI mælingu.

Síðasta vikan í september var notuð til að klára sem mest og nýta þurrkinn. Þá var tekinn vetrarhveiti og vetrarrúgur á Hvanneyri. Hópurinn skipti liði og var einn fyrir norðan að taka byggyrkjatilraunir í Skagafirði og Eyjafirði. En þar hafði mikið fallið úr axinu og það lagst og brotnað eftir ofsaveður dagana á undan. Hinn hópurinn var við störf á Hvanneyri og tók byggyrkjatilraun á mýrarstykki þar.

ÞRESKING Í KELDUDAL Í SKAGAFIRÐI

Norðurlands hópurinn tók gömlu þreskivélina en sú nýja fær að vera á Hvanneyri. Tilraunirnar fyrir norðan geta gefið okkur svör yfir hvaða yrki stóðu sig best í rokinu.

AX AF VETRARHVEITI

Hildardætur

Fyrirtækið Hildardætur flytur inn vinnufatnað fyrir konur frá norska merkinu Flor. Á bak við fyrirtækið standa systurnar Vaka og Tinna sem hafa fylgst með þróun fatnaðarins frá upphafi, þar sem sú síðarnefnda bjó áður í Voss í Noregi.

Hugmyndin að vinnufatamerkinu kviknaði árið 2011 þegar Kristin Lemme, stofnandi Flor, var í kjól við girðingavinnu á fjölskyldubúgarðinum í Voss. Hún fór að velta því fyrir sér hvers vegna skilgreiningin á vinnufötum væri svona einsleit.

Af hverju þyrftu þau endilega að vera svona, stór, þung og óþægileg? Það væri ekkert að því að vinna í kjól svo lengi sem hann mætti verða skítugur.

Hugmyndin þróaðist áfram og árið 2016 fékk hún til liðs við sig fatahönnuð og fyrsta fatalína Flor leit dagsins ljós árið 2018. Síðan þá hefur merkið stækkað og Flor vill ekki bara selja vinnuföt heldur einnig að ýta undir ánægju í starfi. Kristin og hennar fólk hafa kynnt fötin víðs vegar um Noreg, sem eru fjölbreytt, allt frá þægilegum ullarbolum til vatnsfráhrindandi vinnusamfestinga.

Hildardætur hafa reynt fötin á eigin skinni við íslenskar aðstæður síðustu árin þar sem önnur er bóndi og hin leikskólakennari. Þeirra markmið er að fötin verði aðgengileg á Íslandi enda vita þær að þau henta vel fyrir konur sem vinna í störfum sem krefjast útiveru og hreyfingar.

Í gegnum fatalínuna heiðrar Flor hina vinnandi konu og tryggir starfsgleði og vellíðan, hvort sem hún er á fjöllum, í leikskólanum, í fjósinu eða með hamar í hönd.

Hildardætur og Kristin munu standa vaktina á Landbúnaðarsýningunni, þar sem fötin verða á sérstöku kynningarverði, á meðan birgðir endast.

Frekari upplýsingar má fá á póstfanginu ***vakasig@gmail.com***

Hildardætur kynna slitsterk og þægileg vinnuföt fyrir konur frá Flor, því að þeim finnst konur eiga skilið góð og klæðileg vinnuföt sem þeim líður vel í.
Mynd / Flor / Hunnalvatn Media

Automatic

Frá stofnun fyrirtækisins Automatic ehf. árið 2008 hefur verið lögð mikil áhersla á að þjónusta bændur með síur, olíur, rafgeyma, hreinsiefni og fleira sem þeir kunna að þurfa í landbúnaðarstörfum.

Lárus Beck Björgvinsson markaðsstjóri segir að mesta úrval landsins af síum sé að finna í Automatic.

„Á þessum næstum 15 árum höfum við sífellt verið að auka við úrvalið. Íslenskur landbúnaður er okkur mjög kær og gerum við því mjög vel við bændur sem eru í viðskiptum hjá okkur með því að bjóða þeim upp á gæðavörur á frábæru verði,“ segir Lárus.

Komdu við í bás B-25 og sjáðu hvað Automatic ehf. hefur upp á að bjóða.

Automatic, *Smiðjuvegi 42, rauð gata, 200 Kóp. / Stakkahrauni 1, 220 Hafn. Vefsíða: www.automatic.is*

automatic ... gengur vel

Kalksalt

Kalksalt ehf. er lítið fjölskyldufyrirtæki sem framleiðir saltbætiefni fyrir kindur, kýr og hesta. Fyrirtækið er í eigu Sæbjargar Gísladóttur og Eyvindar Ásvaldssonar en saman vinna þau í verksmiðjunni með börnum sínum.

Fyrirtækið er staðsett á Flateyri en sendir vöruna til bænda og dreifingaraðila um allt land.

Saltið kemur frá fiskverkunum en því var jafnan hent þangað til Sæbjörg og Eyvindur fóru að nýta það. Til að halda kolefnissporinu í lágmarki er saltið sótt í fiskverkanir á Vestfjörðum. Bændur þekkja vel gæðin sem felast í salti sem hefur komist í návígi við fisk. Saltið dregur í sig prótein, vítamín og snefilefni frá fisknum sem hefur svo góð áhrif á kýr, kindur og hesta.

Sérstaða kalksalts felst í þessu góða salti sem ekkert af innfluttu vörunum getur skákað.

Kalkþörungarnir sem varan dregur nafn sitt af, koma frá Kalkþörungaverksmiðjunni á Bíldudal. Kalk hefur góð áhrif á meltingu jórturdýra en einnig á vöxt beina, tanna, ullar og felds. Kúabændur sem nota kalksalt hafa einnig talað um að frumutala hafi lækkað og fita og prótein hækkað hjá kúnum eftir að þeir fóru að gefa kalksalt.

Sæbjörg og Eyvindur eru sífellt að leita leiða til að bæta vöruúrvalið og koma til móts við óskir og þarfir bænda. Vöruúrval Kalksalts ehf. telur nú sex tegundir, en það er kalksalt í 25 kg fötum og 7,5 kg steinum, kalksalt með hvítlauk í 25 kg fötum og 7,5 kg steinum, hestasteinar sem eru tæp 2 kíló og núna síðast 7,5 kg lýsissteinn. Þess má geta að fötunar eru sérstaklega sterkar og henta vel til brynninga þegar skepnurnar hafa lokið við kalksaltið í þeim.

Lýsissteinninn var þróaður eftir að ósk um vöru af því tagi barst frá gamalreyndum bónda í Önundarfirði. Sá hafði gefið fóðurlýsi í mörg ár en vildi gjarnan sleppa við að hella því yfir heyið og fá það frekar saman við kalksaltið. Sumarið 2022 var nýtt til að þróa steininn og umbúðir utan um hann og Sæbjörg og Eyvindur eru nú mætt á Landbúnaðarsýninguna 2022 í Laugardalshöll til að kynna þessa nýju vöru fyrir bændum.

KALKSALT

www.kalksalt.is
kalksalt@kalksalt.is
Uppl. í síma 848-2085

ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR -2022-

Verið velkomin til okkar á bás B-8 og kynnið ykkur sýningartilboðin okkar

34 ára 1988-2022

RAFEINING

Rafeining ehf Flatahrauni 5b 220 Hafnarfjörður
Sími: 565-3049 Fax: 565-3048 Farsími: 892-9160
Netfang: rafeining@rafeining.is Vefsíða: www.rafeining.is

ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR -2022-

Verið velkomin til okkar á bás B-8 og kynnið ykkur sýningartilboðin okkar

Agrilight lýsing fyrir allan landbúnað.

Okkar Þjónusta AGRILIGHT® Þitt rekstaröryggi

Sem söluaðilar Agrilight á Íslandi er okkar ánægja að gera verðtilboð í stóra sem smáa lýsingapakka. Reiknum út lýsingaþörf og gerum lampaplan kaupendum að kostnaðarlausu.

BETTER LIGHT, BETTER LIFE

KERAF

Ýmsar vörur frá Keraf. Framlengingarkefli, vinnutöflur, Led ljóskastarar í ýmsum stærðum og gerðum, tenglar,klær,hulsur o.fl.. Vara sem er framleidd í Hollandi.

Rafmagnskefli 2,5q 25 og 40mtr á lager. Hægt að fá í ýmsum útfærslum

Vinnutöflur í ýmsum stærðum og gerðum

Tenglar hulsur og klær, einfasa og þriggjafasa í öllum stærðum og gerðum

Led kastarar í öllum stærðum og gerðum frá 2.350lm til 45.000lm, 60° eða 120° geislahorn, IP65

NightSearcher

Led ljós í ýmsum stærðum og gerðum frá NightSearcher drifin af Li-Ion rafhlöðum. Handljós, kastarar, aðvörunarljós, höfðuðljós o.s.fr.

Rafhlöðukastarar allt að 40.000lm

Höfuðljós í ýmsum gerðum

Aðvörunarljós

Handljós allt að 11.600lm

Lýsing & ljósabúnaður.

Eigum til á lager Hi-bay lampa 200W, 90°, 4000k 28.000lm. Getum einnig útvegað Hi-bay lampa í mismunandi útfærslum.

BIO-CIRCLE® BOTAB weg MOTORS AND DRIVES DRY AIR SYSTEMS emotron DEDICATED DRIVE A CG Product TEKSAN

SapiSelco Edmo Lift www.edmolift.se SCHEELE-ELEKTRIK Elektrotechnische Fabrik SYSTEM ELECTRIC Power Quality GmbH EMRI

Votlendissjóðurinn

Í byrjun september var Votlendissjóður tilnefndur til Umhverfisverðlauna Norðurlands. Tilnefningin er mikil viðurkenning fyrir sjóðinn en hann er sjálfseignarstofnun sem er rekin á framlögum frá samfélagslega ábyrgum fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum.

Endurheimt votlendis stöðvar losun koltvísýringsígilda, eflir líffræðilega fjölbreytni, fuglalíf og bætir vatnsbúskap. Sjóðurinn hefur nú starfað í fjögur ár og endurheimt um 400 hektara af mýrlendi.

1.700 tonn stöðvuð í september

Á dögunum lauk sjóðurinn við framkvæmdir á tveimur jörðum, annarri á Snæfellsnesi og hinni á Rauðasandi á Vestfjörðum. Jörðin Berserkseyri á Snæfellsnesi var endurheimt að mestu í ágúst og september og þar fóru rúmlega 30 hektarar í endurheimt. Á Móbergi á Rauðasandi fóru 55 hektarar í endurheimt en samtals er þetta árleg losun upp á 1.700 tonn af koldíoxíð sem er sama magn og kemur frá 850 fólksbílum á ári. Það munar um minna.

Mikil og jákvæð þróun

Mikil hreyfing hefur verið á umhverfi þeirra eininga sem seldar eru til að fjármagna framkvæmdir í þágu loftslagsmála. Frá stofnun sjóðsins hefur umhverfið skerpst og skilningur bæði kaupenda, seljenda og framleiðenda aukist til muna og um leið eru gerðar meiri kröfur um gagnsæi og vönduð vinnubrögð. Þetta á bæði við um kolefniseiningar framleiddar í votlendi og skógrækt sem eru þær algengustu á Íslandi. Sjóðurinn hefur fagnað þessari þróun og tekið fullan þátt í henni. Til þessa hafa þó allar framkvæmdir sjóðsins verið unnar eftir leiðbeiningum frá Landgræðslunni og eftirliti.

Innleiðing á erlendri vottun

Verkfræðistofan Efla er nú að vinna með Votlendissjóði að innleiðingu á

Einar Bárðarson, framkvæmdastjóri Votlendissjóðs, á vettvangi.

alþjóðlegri vottun á ferla sjóðsins. Það er unnið í nánu samstarfi við sérfræðinga Landgræðslunnar. Mikill kraftur er í vinnunni og vænta allir sem að henni koma að ferlarnir verði virkir fyrri hluta næsta árs. Stjórn Votlendissjóðsins ákvað á síðasta ári að velja alþjóðlega vottun og er nú komin langleiðina í samtali við VERRA. Sem er með staðal í samræmi við ISO 14064-2 og 3:2006 og nýja tækniforskrift Staðlaráðs Íslands sem verið er að ljúka við. Þetta er fyrsta slíka vottunin á Íslandi í sölu kolefniseininga.

Tækifæri til tekna í mýrlendinu

Með því að fara í endurheimt með Votlendissjóðnum sparar landeigandinn sér alla gagnaöflun og undirbúning, umsóknir og svo fjármögnun á því og framkvæmdinni sjálfri. Sem um ferlavinnuna sem er lykilatriði í allri sölu inn í framtíðina. Sjóðurinn fær í staðinn 8 ára sölurétt á einingunum og við enda samningsins eignast landeigandinn svo einingarnar inn í framtíðina.

Aukið magn mófugla í túnum eru ein fallegasta birtingarmynd endurheimtarinnar því auk þess að stöðva óþarfa losun koldíoxíðs úr framræstu landi við endurheimtina þá njóta mófuglar afraksturs endurheimtarverkefna og aðstæður þeirra bætast til muna. Þessa mynd á Sigurjón Einarsson, áhugaljósmyndari og starfsmaður Landgræðslunnar, sem fylgist meðal annarra með framvindu og þróun framkvæmda á vegum sjóðsins.

Hér sést yfir endurheimt á Móbergi á Rauðasandi.

> „Með því að fara í endurheimt með Votlendissjóðnum sparar landeigandinn sér alla gagnaöflun og undirbúning, umsóknir og svo fjármögnun á því og framkvæmdinni sjálfri ...“



Stjórnarfólk Votlendissjóðs kemur víðs vegar að úr samfélaginu en öll brenna þau fyrir það að láta gott af sér leiða í náttúruvernd og baráttunni við loftslagsbreytingarnar. Lengst til vinstri er framkvæmdastjóri sjóðsins Einar Bárðarson, þá Ólafur Eggertsson, bóndi á Þorvaldseyri, varaformaður stjórnar, Halldóra Kristín Hauksdóttir, eigandi Grænegga ehf. og stjórnarmaður í Bændasamtökunum, Helga J. Bjarnadóttir, verkfræðingur og sviðsstjóri hjá Eflu, Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm lögfræðingur, Sveinn Ingvarsson, bóndi á Reykjum á Skeiðum og fyrrum varaformaður stjórnar Bændasamtakanna, Ingunn Agnes Kro, lögfræðingur og formaður stjórnarinnar, Þórunn Inga Ingjaldsdóttir, viðskiptafræðingur og forstöðumaður hjá Samskipum, Sigurður Torfi Sigurðsson, ráðunautur á umhverfis- og rekstrarsviði Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, Kristrún Tinna Gunnlaugsdóttir, forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni hjá Íslandsbanka og lengst til hægri Hjálmar Kristjánsson útgerðarmaður.

Í dag selur sjóðurinn tonn á 2.000 krónur og það er spá margra að tonnið eigið eftir að hækka, sérstaklega ef tekið er tillit til virknihraða eininganna. Það er að segja virkni eininga úr skógrækt hefur lengri tíma enda um ræktun og bindingu að ræða á meðan eining úr votlendi er stöðvun á losun sem virkjast mjög hratt.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á www.votlendi.is eða á bás sjóðsins á sýningunni.

Votlendissjóður, *Árleyni 22, 112.*
Reykjavík. S. 618 9000.
Netfang: votlendi@votlendi.is
Vefsíða: www.votlendi.is

Endurheimt votlendis
SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Kaupfélag Borgfirðinga

Kaupfélag Borgfirðinga svf. (KB), er samvinnufélag í eigu íbúa á félagssvæði þess sem nær yfir Vesturland frá Hvalfjarðarbotni í suðri, að Kjálkafirði í vestri.

Verslun okkar er staðsett við þjóðveg 1 í Borgarnesi. Aðaláherslan og helstu markmið með rekstrinum er þjónusta við bændur og búandi, sem og sumarbústaðaeigendur, áhugafólk um garð og gróðurrækt og svo má lengi telja. Verslunin býður upp á fjölbreytt úrval á rekstrarvörum fyrir nautgripi, sauðfé, hross og fiðurfénað ásamt áburði, rúlluplasti, girðingarefni, gæludýravörum, leikföngum, málningu og ýmsu fleiru.

KB hefur um árabil verið með eigin innflutning, bæði rekstrarvörur, fóður og bætiefni fyrir skepnur. Margrét Katrín Guðnadóttir kaupfélagsstjóri er einnig dýralæknir og getur því veitt öfluga ráðgjöf varðandi fóður, bætiefni og steinefni. Ýmis innflutningur hefur hitt sérstaklega í mark og veitt KB ákveðna sérstöðu og ber þá helst að nefna selen fyrir lömb, kalkperlur fyrir kýr, handmjaltartæki fyrir kindur og merar, Heatwave kálfa og lambafóstruna sem er einföld í notkun, léttir bústörf og er hagstæð í verði.

Allt sem þú vissir ekki að þig vantaði

KB er með mikið úrval af aukahlutum fyrir kerrur og vinnuvélar auk útivistarfatnaðar, vinnufatnaðar frá HH workwear, verkfæra og heimilisvara. Árstíðarvörur eins og jólavörur, veiðivörur, sumarvörur og vörur fyrir garðrækt og svo margt fleira sem þig grunaði ekki að þig vantaði. Mikið vöruúrval er á netverslun okkar www.kb.is og hefur verslun þar verið að færast í aukana og sendum við út um allt land.

Markmið Kaupfélags Borgfirðinga er að veita góða þjónustu sem byggist á góðu starfsfólki með víðtæka þekkingu á vörum sem verslunin býður upp á.

Starfsmenn búrekstrardeildar KB; Þröstur Reynisson, Baldur Jónsson, Harpa Einarsdóttir, Helga Rósa Pálsdóttir verslunarstjóri og Jóhannes Benedikt Halldórsson.

Kaupfélag Borgfirðinga,
Egilsbakki 1, 310 Borgarnes,
s. 4305500, www.kb.is

BÚREKSTRARDEILD
BORGARNESI
Egilsholti 1 - 310 Borgarnes - 430 5500 - www.kb.is

Bendekt Hjaltason

Benedikt Hjaltason frá Hrafnagili hóf innflutning og sölu á fjósbitum frá Andersbeton/VDVbeton í Belgíu í janúar 2018 og tók við keflinu af Garðari Skaptasyni sem hóf innflutning á bitum árið 1994.

Síðan Benedikt tók við hafa verið fluttir inn um 11.300 m² en í heildina á þessum árum eru komnir um 65.000 m², eða sex og hálfur hektari.

Auk fjósbitanna frá Andersbeton selur Benedikt frá sama fyrirtæki burðarbita og súlur undir fjósbitana, djúp- og fleytiflóra, fóðurganga, legubása og endaveggi fyrir legubásaraðir.

Frá fyrirtækinu Bosch beton í Hollandi hefur hann flutt inn og sett upp fimm flatgryfjur fyrir vothey. Einnig hefur hann söluumboð fyrir steypuvörur frá CBCbeton í Hollandi sem framleiðir forsteyptar einingar í flatgryfjur og mykjutanka. Með þessum einingum er einnig hægt að móta og byggja fiskeldisþrær, stoðveggi, vatnstanka og efnisgeymslur fyrir jarðefni. Vörunni er skilað heim til kaupenda og í viðeigandi tilfellum annast hann einnig uppsetningu.

Benedikt starfar einnig við flutninga og landanir, þá einkum á áburði og salti um nánast allt land.

Benedikt Hjaltason *sími 894-6946*
– netfang: fjosbitar@simnet.is

Skógræktin

Skógrækt er í mikilli sókn á Íslandi um þessar mundir. Stjórnvöld hafa tekið svokallaðri Bonn-áskorun Evrópulandanna fram til 2030 og teflt þar fram sem meginmarkmiði að þekja birkiskóga fari úr einu og hálfu prósenti í fimm prósent.

Aukin framlög eru því til útbreiðslu á birki. Framlög til skógræktar á lögbýlum hafa einnig aukist af hálfu hins opinbera. Samhliða því hefur aukist mjög áhugi ýmissa fyrirtækja, stofnana og samtaka, innlendra og erlendra, á því að rækta skóga á Íslandi til kolefnisbindingar og eflingar náttúru og samfélags.

Skógræktin verður með bás á Landbúnaðarsýningunni í Laugardalshöll 14.-16. október. Þar verða fulltrúar stofnunarinnar til samtals um hvaðeina sem snertir skóga og skógrækt með sérstakri áherslu á kolefnismálin annars vegar og skipulagsmál skógræktar hins vegar.

Undanfarin misseri hefur Skógræktin í samstarfi við ýmsa aðila unnið að því að innleiða viðurkenndan staðal um kolefnisbindingarverkefni með skógrækt sem hæf eru til alþjóðlegrar vottunar. Með slíkum verkefnum er hægt að búa til vottaðar kolefniseiningar með skógrækt sem telja má fram á móti losun í grænu bókhaldi og öðlast þar með ábyrga kolefnisjöfnun á losuninni. Staðallinn er kallaður Skógarkolefni og eru fyrstu verkefnin sem í fyllingu tímans hljóta vottun nú í burðarliðnum. Matvælaráðherra kynnti nýlega nýja sameiginlega stefnu ríkisvaldsins um skógrækt og landgræðslu undir heitinu Líf og land. Þar eru sett fram opinber markmið um þessi mál og tíundaðar leiðir að markmiðunum.

Skammt er síðan ný skógræktarlög tóku gildi hér á landi og eru þau meginramminn um alla skógrækt á landinu. Ýmislegt fleira setur skógrækt ramma, svo sem aðal- og deiliskipulag sveitarfélaga, lög um náttúruvernd og náttúruminjar, lög um fornleifar og fleira mætti nefna. Öflugt rannsóknarstarf fer líka fram í skógargeiranum. Skógrækt býr því við gott aðhald sem tryggir vönduð vinnubrögð.

Verið velkomin í bás Skógræktarinnar á Landbúnaðarsýningunni í Laugardalshöll. Við tökum vel á móti ykkur og hver veit nema ketilkaffi verði á eldstæðinu og eitthvað gott í gogginn sem á uppruna sinn í skóginum.

skógræktin

Skógræktin, *Miðvangi 2-4, 700 Egilsstaðir. Sími 470 2000. Netfang: skogur@skogur.is. Vefsíða: www.skogur.is*

Skógræktin vinnur að því í víðtæku samstarfi að breiða út birkiskóga landsins. Markmið stjórnvalda er 5% þekja birkiskóglendis 2030. Söfnun og sáning á birkifræi er ekki síst skemmtilegt verkefni fyrir fjölskyldufólk. Nánar á birkiskogur.is

Þennan skemmtilega leik geta gestir í bás Skógræktarinnar tekið með sér og notað þegar skógar eru heimsóttir, á ferðalögum um landið o.s.frv. Myndir / Pétur Halldórsson

Markmiðin með skógrækt til nytja og kolefnisbindingar eru fjölþætt. Nefna má uppbyggingu timburauðlindar til framtíðar, kolefnisjafnvægi landsins, útivist, betra veður og fleira og fleira. Dvöl í stæðilegum skógi er heilsubót í amstri lífsins.

Skógur og skipulag er eitt af því sem gestir Landbúnaðarsýningarinnar geta komið og rætt við fulltrúa Skógræktarinnar um. Skógrækt er markaður skýr rammi með lögum um skóga og skógrækt, náttúruvernd og minjavernd en einnig aðal- og deiliskipulagi sveitarfélaga og fleiri þáttum.

Eldað frá grunni á einfaldan hátt með thermomix

Á Landbúnaðarsýningunni kynna ***Eldhústöfrar*** *fjölnota matvinnslu- og eldavél,* ***Thermomix****, sem vinnur á við 24 hefðbundin eldhústæki og áhöld og léttir undir allri elda-mennsku. Thermomix m.a. saxar, malar, hakkar, þeytir, hrærir, blandar, hnoðar, maukar, steikir, sýður, gufusýður, hægeldar, gerjar og vigtar. Það er hagkvæmara og næringarríkara að elda heima frá grunni úr hráefnum sem maður velur sjálfur og með Thermomix þarf ekki lengur að standa yfir pott-unum og hræra og allt umstang og uppvask verður minna.*

Þýsk hönnun og gæði

Thermomix er framleitt af þýska fyrirtækinu Vorwerk sem á sér langa sögu við framleiðslu og hönnun hágæða heimilistækja. Thermomix kom fyrst á markað árið 1971 en hefur verið mikið þróuð í áranna rás. Vélin sem nú er í boði er mjög fullkomin, með nettengingu, stafrænum skjá og íslensku stjórnborði.

Skref í átt að sjálfbærara eldhúsi

Með Thermomix er hægt að taka skref í átt að sjálfbærara eldhúsi þar sem Thermomix hefur notkunarmöguleika 24 hefð-bundinna heimilistækja eins og áður sagði og því alger óþarfi að kaupa mörg smátæki í eldhúsið. Thermomix er m.a. vigt, blandari, töfrasproti, hrærivél, þeytari, hakkavél, hnoðari, barnamauks-vél, ketill, eggjasuðutæki, hrís-grjónapottur, gufusuðupottur og hægeldunarpottur. Bilanatíðni er mjög lág og 50 ára reynsla komin á þessa mögnuðu græju. Í Thermomix er hægt að elda á mörgum hæðum þar sem hægt er að elda t.d. súpu, kartöflur og annað grænmeti og fisk, allt á sama tíma. Thermomix er mjög öflug í allri vinnslu en tekur ekki til sín mikið rafmagn.

Innbyggðar uppskriftir, skref fyrir skref leiðbeiningar á staf-rænum skjá og vikumatseðill sparar dýrmætan tíma. Við hjá Thermomix trúum því að það bæti almennar neysluvenjur að eiga gæðatíma við matseld og á matmálstímum. Með því að elda allt frá grunni og tileinka okkur góðar neysluvenjur getum við forðast að kaupa of mikið og henda mat. Það er svo auðvitað alger snilld að gera t.d. súpur og pottrétti í Thermomix úr slöppu grænmeti eða vörum á síðasta séns. Hægt er að fá innblástur fyrir fjölbreyttum hráefnum í uppskriftabankanum Cookidoo sem fylgir vélinni. Með því að kaupa grunnhráefni og elda allt frá grunni getum við t.d. dregið til muna úr innkaupum á tilbúnum vörum í plastumbúðum. Öll þessi litlu grænu skref eru mikilvæg.

Næring og hollusta í fyrirrúmi

Það er góð tilfinning að elda mat frá grunni og vita nákvæmlega hvað í honum er. Allar Thermo-mix uppskriftir eldast á kjörhita á kjörtíma með nákvæmri hita- og tímastillingu svo næringar-efni hráefnanna sem valin eru halda sér mjög vel. Eldamennskan með Thermomix einfaldar öll innkaup sem er ekki síst þægi-legt þar sem lengra er að fara í búð, eins og víða er raunin á landsbyggðinni. Fyrir þá sem vilja eða þurfa að vera á sérstöku mataræði, vegna ópols eða ofnæmis, forðast glúten, kolvetni o.s.frv. er mikil hjálp í uppskrifta-bankanum því hægt er að kalla uppskriftir fram eftir áhugasviði og þörfum. Thermomix er fyrir alla.

Björgvin Páll og fjölskylda nota Thermomix við eldamennskuna.

Eldhústöfrar ehf. verða með bás á Landbúnaðarsýningunni í Laugar-dalshöll og hlökkum við mikið til að kynna Thermomix fyrir gestum sýningarinnar. Sjón er sögu ríkari! Einnig erum við með kynningar-fulltrúa víða um land sem aðstoða við uppsetningu og fyrstu skrefin með Thermomix. Þangað til bendum við áhugasömum á að skoða vefsíðuna **eldhustofrar.is**, *uppskriftabankann* **cookidoo.internatioal**, *Facebook-síðu okkar* **Thermomix á Íslandi** *eða* **@thermomixiceland** *á Instagram.*

Berglind og Rebekka taka vel á móti þér í Thermomix-básnum á Landbúnaðar-sýningunni

VINNUPALLAR EHF

- ÖRUGGAR LAUSNIR -

Innilegar hamingjuóskir með Landbúnaðarsýninguna 2022

Afsláttarkóðinn **MEME** veitir afslátt á hjólbörum með loftlausum dekkjum og hitablásurum í vefverslun allan október á vpallar.is

Vinnupallar • Smiðsbúð 10 • s. 7879933 • vpallar.is • vpallar@vpallar.is

Innisvæði

SSFM/BFB
Ben Hjalta
VOR
VESO
Fastparts
Matís
Skógræktin
Sturlaugur
Eldhústöfrar
Direkta
Automatic
Rönd
Orkustofnun
VÞ hurðir
Kaupland
Streymi
Jöklavín
Diapro
Votlsjóð
B-5
B-23
B-24
B-25
B-33
B-34
B-5
Matarkistan
Matarkistan
Vortex
Furgusonfélagið
Furgusonfélagið
Eco Garden
Eldvarnarhúsið
Ham
Ventum
Yggrasill Carbon
LedTec
Dronefly
B-30
B-31
B-32
B-26
B-27
B-35
Afivélar
Dynjandi
Vélfang
Húsasmiðjan
Skeljungur
Rafeining
BS
Ístex
Nitro Sport
MS
BYKO
Ellingsen
Stormur
Samhentir
Hydroscand
Landb. hásk
Umbúðir og ráðgjöf
B-4
B-30
B-7
B-8
B-9
B-10
VÍS
Stórkaup
AB- varahlutir
Hesja
Kemi
Hildardætur
Þ. Þorgrímsson
Tandur
Jóhann Helgi
Kraftvélar
Bændasamtök Íslands
RML
Búvís
Landgræðslan
Horses of Iceland
Rafbox
Skógarbændur
Alvar
Verkfærasala
Rag
Víkurvagnar
B-3
B-11
B-12
B-13
B-14
B-15
B-21
Hringrás
Grétar Hrafn
Kaupfélag Borgfirðinga
Jón Bergsson
Kalksalt
Tryggina-miðlun
Ísrör
N1
DJI Reykjavík
Hýsi
Byggða-stofnun
Hespu-húsið
Búvörudeild SS SS
Fóðurblandan
KH vinnuföt
Rafver
Landvélar
Kapp lönver
íslyft
íslyft
B-16
B-17
B-18
B-19
B-20
Orkusalan
B-2
Lambhagi
Spírubarinn
Málma
Motul
íslyft
B-1



Kíktu við á glæsilega landbúnaðar-sýningu

- Matvælasýning
- Tækjasýning
- Öflug dagskrá

Glæsileg landbúnaðarsýning í Laugardalshöllinni

14. – 16. október 2022

Sýningin er opin:

Föstudag: 14. okt. 14.00-19.00
Laugardag: 15. okt. 10.00-18.00
Sunnudag: 16. okt. 10.00-17.00

ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR
- 2022 -

Útisvæði



Sprettur

Áburður

ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR - 2022 -

Velkomin á bás Spretts á Landbúnaðarsýningunni

Skeljungur